

## GJALDSKRÁ

**um hreinsun taðpróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ.**

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðpróargjald.

2. gr.

Taðpróargjald skal vera kr. 318.500 á hvert hús árlega.

Þar sem hreinsun taðpróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á auka-gjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðpróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Taðpróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt fyrir hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar nr. 958/2008 öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1228/2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 3. desember 2020.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2020